



Skólaráðsfundur 9. september 2026

Fundinn sátu: Karítas Björnsdóttir, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Agnes Skúladóttir, Erna Nielsen, Kristján Bjarni Halldórsson og Hallfríður Sverrisdóttir, sem ritaði fundargerð.
Fulltrúar nemenda verða kosnir í næstu viku.
Húsvörður skólans Atli Víðir Arason sat fyrsta hluta fundarins.

Kristján bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund skólaráðs á þessu skólaári.

Húsnæði og framkvæmdir

Húsvörður kom á fundinn og fór yfir helstu framkvæmdir sem unnar voru í skólanum í sumar, stöðu húsnæðis við upphaf skólaárs, fyrirhuguð viðhaldsverkefni og framkvæmdir sem eru á döfinni.

Brunakerfið hefur verið yfirfarið og skipt um bjöllukerfi í skólanum og sett viðvörunarkerfi inn í allar skólastofur. Verið er að vinna í að lagfæra neyðarlýsingar í húsinu. Nýir snagar hafa verið settir upp í A-álmu á efri hæðinni og gangarnir málaðir. Viðhald utanhúss er helst að klæðning hefur verið sett á A-álmu að hluta. Brunahurðir til að afmarka brunahólf eru flestar komnar á tíma og þarfnast endurnýjunar. Fyrir utan málningu á göngum í A-álmu hafa einstaka veggir sem voru orðnir illa farnir verið málaðir.

Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2026-2027

Gert er ráð fyrir að skólaráð fundi einu sinni í mánuði í vetur á fyrsta miðvikudegi hvers mánaðar. Farið var lauslega yfir hlutverk skólaráðs og tillögu skólastjórnenda að fundaskipulagi.

9. september	Hlutverk og starfsreglur skólaráðs. Starfsáætlun ráðsins. Staða skólastarfs við upphaf skólaárs og helstu áherslur vetrarins.
7. október	Hlutverk og starfsreglur skólaráðs. Starfsáætlun ráðsins. Staða skólastarfs við upphaf skólaárs og helstu áherslur vetrarins.
4. nóvember	Skólabragur, líðan nemenda, skólasókn, forvarnir og samskipti.
2. desember	Staða skólastarfs á haustönn. Fjárhagsáætlun, húsnæði, aðbúnaður og framkvæmdir.
3. febrúar	Uppgjör haustannar, framfaramat, stoðþjónusta og helstu verkefni vorannar.
3. mars	Þróunarmál skólans, mat á skólastarfi, umbótaáætlun og þróunarverkefni.
7. apríl	Skóladagatal og undirbúningur skólaársins 2027–2028. Valgreinar, samstarf og viðburðir vorsins.
5. maí	Mat á starfi skólaráðs og skólastarfi vetrarins. Staða umbótaverkefna, skólalok og áherslur næsta skólaárs.

Fundarefni getur færest milli funda eftir því sem verkefni og erindi kalla á.

Nemendafjöldi og skipulag

Farið var yfir nemendafjölda í skólanum og skipulag í vetur. Í dag eru samtals 398 nemendur í Árskóla og stefnir í fjölgun. Í flestum árgöngum eru tveir umsjónarkennarar. Þrír umsjónarkennarar eru í 3., 6. og 9. bekk. Jafnframt eru stuðningskennarar, sérkennarar og sérgreinakennarar. Nemendur á unglingastigi eru í ýmsum valgreinum innan og utan skólans, m.a. í Fablab og í iðngreinum í FNV. Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar í einstökum bekkjum. Skólaliðar sjá um þrif og gæslu.

Helstu áherslur og þróunarverkefni vetrarins

Megináherslan er að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í skólanum og þróa það áfram. Meðal verkefna í vetur eru:

- Unnið er að breytingu á einkunnakvarða og upptöku heilla talna í lokaeinkunnum samkvæmt innleiðingaráætlun MMS og ráðuneytisins.
- Útfærsla símabanns í skólanum skv. nýrri reglugerð. Fyrirkomulagið verður mótað fram að áramótum og kynnt foreldrum þegar það er tilbúið.
- Unnið er að innleiðingu nýs kerfis fyrir heimasíðu skólans, líkt og í öðrum skólum sveitarfélagsins.
- Í skoðun er að skipta út námsumsjónarkerfi skólans og samræma innan sveitarfélagsins. Óljóst er hversu hratt sú vinna þróast.
- Skólinn hefur fengið prufuaðgang að Viskubrunni, sem býður upp á ýmsar gervigreindarlausnir fyrir kennara og stjórnendur. Nokkur umræða um notagildi Viskubrunns fyrir skólastarf.
- Fyrirhugaður er tveggja mánaða prufuaðgangur að Alfakennslu, sem byggir á svipaðri nálgun í stærðfræðinámi og Duolingo gerir í tungumálanámi. Hentar vel fyrir nemendur sem geta unnið sjálfstætt eða til kennslu minni hópa.
- Árskóli er þátttakandi í spennandi verkefni sem kallast *Stækkaðu framtíðina* og er náms- og starfsráðgjöf fyrir alla nemendur skólans. Stækkaðu framtíðina snýr að því að tengja fjölbreytta sjálfbæði af vinnumarkaði við skólastofur landsins til að segja nemendum frá starfi sínu og menntun.
- Ólympíuhlaup er á áætlun 23. september í umsjón heilsueflandi teymis.
- Verkefnið *Göngum í skólann* hófst í dag 9. sept. og stendur til 7. október. Árskóli hýsti setningu verkefnisins föstudaginn 4. sept.
- Í skoðun er að Páll Óskar heimsæki Árskóla og aðra skóla í landshlutanum í tengslum við Barnamenningarhátíðina Skúnaskrall. Hann flytur m.a. lagið *Eitt af blómunum* og má nýta innihald textans sem innlegg í vinnu tengda Baráttudegi gegn einelti.

Starfsfólk

- **Starfsþróun:**

Fræðsludagur skólafólks í Skagafirði var haldinn 19. ágúst sl. í Varmahlíð.

Fyrir hádegi voru fræðsluerindi og eftir hádegi vinnustofur. Almenn ánægja var með daginn. UTÍS Online er viðburður sem er hluti af starfsþróun kennara og fer fram á netinu 18. - 19. september. Fyrirhugað er að halda

skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk og kennara og kenna m.a. á nýtt hjartastuðtæki sem keypt var á dögunum.

- **Starfsfólk og breytingar:**

Farið var yfir starfsmannafjölda og helstu mannabreytingar sem hafa orðið í haust. Ísak Óli Traustason tók við sem deildarstjóri miðstigs í upphafi skólaárs.

Sonja Sif Sigurðardóttir hefur verið ráðin í 60% starf skrifstofustjóra.

Ekki voru ráðnir nýir kennarar til starfa fyrir skólaárið, heldur unnt að manna kennslu með kennurum sem fyrir voru eða komu aftur til starfa eftir leyfi. Nýtt starfsfólk var ráðið inn í störf skólaliða og stuðningsfulltrúa.

Vegna forfalla þurfti í upphafi skólaárs að ráða 3 afleysingakennara tímabundið.

Framundan í skólastarfinu

- Danskir nemendur og kennarar verða í skólanum í næstu viku í heimsókn hjá 10. bekkingum. Kynningarfundur fyrir foreldra nemenda í 10. bekk verður haldinn 9. september. Þar verður meðal annars farið yfir heimsókn Dananna.
- Dansmarabonið verður í byrjun nóvember. Logi mun koma nýjum danskennara, Ingunni Margréti Hallgrímsdóttur, inn í starfið.

Önnur mál

- Foreldrafélag skólans stefnir á aðalfund 22. september kl. 17:30.
- Myndatökur sem foreldrafélagið stóð fyrir í 4. og 7. bekk á síðasta ári tókust vel og fyrirhugað er að halda þeim áfram.
- Rætt um árgjöld til foreldrafélagsins, en þau eru eina tekjulind foreldrafélagsins. Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu og sendur er einn gíróseðill fyrir árgjaldi á hvert heimili óháð fjölda barna. Árgjöldin þurfa að standa undir því sem foreldrafélagið framkvæmir, s.s. að kaupa marabonboli fyrir yngsta stigið, styrkja leiksýningar 10.b. með niðurgreiðslu o.fl.

Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 7. október 2026 kl. 12:10.